

Miðvikudaginn 12. febrúar 1958.

Nr. 144/1957. **Tómas Ólafsson** (Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

Útibúi Útvegsbanka Íslands á Akureyri

(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Magnús Þ.
Toríason.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. september 1957. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara krefst hann þess, að dæmd fjárhæð verði lækkuð í kr. 4417.42 og að málskostnaður í héraði verði einnig lækkaður, en að hvorum aðilja verði gert að bera málskostnað sinn hér fyrir dómi.

Stefndi hefur krafizt þess, að héraðsdómur verði staðfestur, að því er varðar kr. 4417.42 með 6% ársvöxtum frá 23. júlí 1956 til greiðsludags. Hann krefst og, að málskostnaðar-ákvæði héraðsdóms verði staðfest og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Loks krefst hann þess, að ákveðið verði lögveð honum til handa í bifreiðinni A 640 fyrir dæmdum fjárhæðum.

Samkvæmt atvikum máls þessa og vitnaskýrslum, sem lýst er í héraðsdómi, þykir nægilega leitt í ljós, að steinn hafi kastazt frá afturhjóli á bifreið áfrýjanda í rúðu á húsi stefnda og brotið hana. Það er alkunna, að þess háttar hætta af steinkasti getur stafað af akstri bifreiða, þegar þeim er ekið eftir vegi, þar sem mól eða lausir steinar eru fyrir. Eðlilegast er, að ábyrgðarmaður bifreiðar samkvæmt 1. og 2. mgr. 35. gr. laga nr. 23/1941 beri ábyrgð á tjóni, sem bifreið veldur með slíkum hætti, þó að ökumanni verði ekki metið

slysið eða tjónið til sakar. Má því á það fallast, að áfrýjandi beri fébótaábyrgð á tjóni stefnda.

Hér fyrir dómi eru aðiljar sammála um, að tjón stefnda hafi numið kr. 4417.42. Ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 23. júlí 1956 til greiðsludags. Svo ber og að staðfesta málskostnaðar-ákvæði héraðsdóms og dæma stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, er ákveðst kr. 1500.00. Á stefndi lögveðrétt í bifreiðinni A 640 fyrir fjárhæðum þessum.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Tómas Ólafsson, greiði stefnda, Útibúi Útvegsbanka Íslands á Akureyri, kr. 4417.42 með 6% ársvöxtum frá 23. júlí 1956 til greiðsludags, kr. 800.00 í málskostnað í héraði og kr. 1500.00 í málskostnað í Hæstarétti. Á stefndi lögveðrétt í bifreiðinni A 640 fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 13. júní 1957.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., er höfðað upphaflega hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 6. október 1956, af Ragnari Steinbergssyni hdl., Akureyri, f. h. Útvegsbanka Íslands, útibúsins, Akureyri, gegn Tómasi Ólafssyni bifreiðastjóra, Holtagötu 11, Akureyri, eiganda bifreiðarinnar A 640. Í stefnu þessari gerði stefnandi kröfu til þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 7.387.40 með 7½% ársvöxtum frá 23. júlí 1956 til greiðsludags og málskostnað eftir framlögðum reikningi eða mati dómara. Ennfremur krafðist hann lögveðs í bifreiðinni A 640 fyrir tildæmdum kröfum. Með framhaldsstefnu, útgefinni 6. maí 1957, gerir hann kröfu um hækkun samkvæmt 1. lið kröfu sinnar, andvirði rúðu, um kr. 1030.02, það er úr kr. 3187.40 í kr. 4226.22, og verður heildarkrafan þá kr. 8417.42. Sömu vaxta er krafizt af kröfu þessari og upphaflegu kröfunni.

Stefndi gerir þessar kröfur í málinu: Aðallega, að hann verði með öllu sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur

málskostnaður úr hendi hans eftir mati réttarins. Til vara, að stefndi fái ekki tildæmt af stefnukröfunni nema kr. 3387.40 ásamt 6% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu og til þrautavara kr. 4187.40 ásamt sömu vöxtum frá útgáfudegi stefnu að telja. Krafizt er, að málskostnaður verði látinn niður falla, verði varakrafan tekin til greina.

Stefnandi gerir þá grein fyrir kröfu sinni, að 23. júlí s.l. hafi stefndi verið að vinna með bifreið sína við Útvegsbankahúsið á Akureyri, og var hann þar til að aka burtu uppgreftri við húsið á vegum bankans. Hafði bifreiðinni verið lagt þannig, að annað afturhjólið var uppi á gangstéttinni móts við húsið, en hitt niðri á götunni. Í eitt skiptið, er bifreiðin var að fara af stað, hafi steinn kastast frá hjóli bifreiðarinnar og í gluggarúðu í bankahúsinu með þeim afleiðingum, að rúðan hafi sprungið og orðið ónýtt. Telur stefnandi, að með skýrslum stefnanda og stefnda sjálfs sé sannað, að tjónið hafi atvikast með þeim hætti, er nú var greint. Telur hann, að hér sé því ótvírætt um tjón að ræða, er hlýzt af notkun bifreiðar og sé því bótaskyld samkvæmt 34. gr. 1. mgr. bifreiðalaga. Stefnandi kveður rúðuna hafa verið 2050×2537 mm einangrunargler með ½" loftrúmi. Slíka rúðu kveður stefnandi ekki hægt að fá nema með löngum fyrirvara og áætlaði hann það 3—4 mánuði, en reyndist 10 mánuðir, og sé sá hluti bankahússins, sem ætlunin hafi verið að leigja sem verzlunarpláss, ekki í leigufæru ástandi þann tíma.

Aðalkröfu sína um algera sýknu hefur stefndi fyrst og fremst byggt á því, að ósannað sé, að rúðan hafi brotnað af steini, sem kastast hafi frá bifreiðinni, þar sem ökumaður hafi ekki orðið þess var og vitnið hafi ekki séð steininn. Í öðru lagi vegna þess, að stefndi hafi sýnt fyllstu aðgæzlu, sem af honum verði krafizt, og sé því eigi bótaskyldur eftir 34. gr. bifreiðalaga. Í þriðja lagi hefur stefndi byggt sýknukröfu sína á því, að stefndi hafi verið að vinna verk fyrir stefnanda sjálfan og hafi tjónið beinlínis leitt af framkvæmd verksins. Verður nú nokkru nánar vikið að þessum ástæðum.

23. ágúst s.l. fór fram rannsókn út af atviki því, er mál þetta er risið út af, í sakadómi Akureyrar, og gáfu þar skýrslur stefndi í máli þessu og 2 vitni, Guðmundur Svavarsson og Guðbjörn Ólafsson. Stefnandi lýsti þar ástæðum, er slysið vildi til, eins og gert er hér að framan. Milli kl. 16 og 16.30 kom hann úr ferð að bankahúsinu, og sögðu þá menn, er mokuðu á bifreiðina, að steinvala hefði hrokkið undan öðru hjóli og lent í rúðunni

í bankanum með þeim afleiðingum, að hún hafi sprungið. Ekki kvaðst stefndi hafa orðið var við neina steinvölu, er kastzt hafi í húsið, en sagði, að það gæti þó vel hafa verið og sagði, að ef svo hefði verið, sé líklegast, að hún hafi kastzt undan hjólinu, þegar hjólið fór ofan af gangstéttinni. Stefndi sagði, að möl eða mulningur hafi verið á gangstéttinni, vegna þess að eitthvað hafi hrokkið út af bílnum, þegar mokað var á hann. Guðmundur Svavarsson bar, að þegar bifreiðin var að fara af stað til að losa, milli kl. 4 og 5 e. h. um daginn, hafi hann heyrt hvell og um leið séð, að rúða í bankanum var sprungin. Vitnið sá ekki steinvölu kastast frá bílnum, en fullyrti, að enginn hefði verið þar nálægt, sem hafi getað kastað í rúðuna, án þess að þeir hefðu veitt því eftirtekt og kvað vitnið það skoðun sína, að rúðan hafi ekki getað brotnað með öðrum hætti en að steinvala hafi kastzt frá afturhjóli bifreiðarinnar. Vitnið Guðbjörn Ólafsson, sem einnig var að vinna við að moka á bifreiðina, hefur borið eftirfarandi: Um leið og bifreiðin fór af stað, heyrði hann hvell og brothljóð og hafi honum þá orðið litið á rúðuna í bankanum og hafi hann þá séð, að hún var sprungin. Hann kveðst strax hafa litið í kringum sig til að aðgæta, hvort hann sæi nokkurn, sem kastað hafi í rúðuna, en svo hafi ekki verið og sagði vitnið það sitt álit, að steinn hefði kastzt frá hjólinu og brotið rúðuna. Frekari gögn liggja ekki fyrir um það, hvernig brotið atvikaðist. Rétturinn lítur nú svo á, með hliðsjón af framangreindum gögnum, að nægileg gögn séu færð fyrir því, að brot rúðunnar hafi orsakast eins og framangreindar skýrslur benda til, og stafi tjónið þá frá akstri bifreiðar stefnda.

Verður fyrsta sýknuástæða stefnda því eigi tekin til greina.

Ekki verður heldur sú sýknukrafa stefnds, að tjónið hefði orðið, þótt stefndi hefði sýnt af sér fyllstu aðgæzlu við aksturinn, til greina tekin. Verður að telja, að þar sem meiri eða minni möl hafi verið kringum bílinn og gatan er malbikuð, hafi mátt búast við því, að steinar kynnu að hrökkva undan hjólunum, einkum þegar hjólið, er var uppi á gangstéttinni, færi út af kantinum, ef ekki væri farið því varlegar, enda er ekki upplýst, að neitt hafi verið sett við kantinn til að slétta brautina, er hjólið fór eftir, og má telja það alkunnugt, að steinar kastast þannig frá bílum, sem eru á ferð. Ekki verður heldur sú ástæða til greina tekin, að stefndi hafi verið að vinna fyrir stefnanda í þetta sinn. Ökutæki það, sem hér var um að ræða, var fengið af bifreiðastöð, eftir því sem upplýst er, og ekki

talið á valdi vinnukaupanda að ráða, hvaða bifreið hann fengi, þar sem bifreiðar eru afgreiddar eftir röð. Jafnframt er hér um að ræða tæki, sem sérstakt próf þarf til að stjórna, og er bifreiðarstjórinn algerlega óháður vinnukaupanda um stjórn þess. Með tilvísun til þessa telur rétturinn, að það hafi ekki þýðingu í þessu sambandi, þótt stefndi væri að vinna fyrir stefnanda. Samkvæmt því, er nú hefur verið sagt, verður að telja, að stefndi beri fulla ábyrgð á tjóni þessu.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfu sína þannig, sbr. það, sem áður er sagt um stefnu í málinu:

1. Rúðugler	kr. 4217.42
2. Ísetning rúðu	— 200.00
3. Leigutap	— 4000.00

Kr. 8417.42

1. og 2. lið er ekki mótmælt reikningslega, og hefur stefnandi lagt fram reikninga yfir 1. liðinn og 2. lið þykir svo í hóf stillt, að rétt þykir að taka þá til greina að fullu. 3. lið er hins vegar eindregið mótmælt. Stefnandi styður lið þennan þeim rökum, að óhugsandi hafi verið að leigja húsnæðið vegna hinnar brotnu rúðu og sé húsnæðið óleigt af þessum sökum. Telur stefnandi hæfilega leigu fyrir slíkt húsnæði kr. 5 þús. á mánuði og kveðst gera hér kröfu um $\frac{1}{5}$ hluta af áætlaðri húsaleigu, þar sem hann telur afgreiðslutíma á slíkri rúðu 3—4 mánuði. Stefndi heldur því hins vegar fram, að hægt hefði verið að leigja húsnæðið fullri leigu, þótt brot hafi verið í ytra borði rúðunnar, þar sem um tvöfalda rúðu sé að ræða. Það geti að minnsta kosti ekki komið að sök í 3—4 mánuði, meðan verið væri að útvega nýja rúðu.

Að tilhlutan stefnanda framkvæmdu tveir dómkvaddir menn skoðunar- og úlitsgerð um það, hvort húsnæðið gæti ekki talist leigufært, þrátt fyrir sprungurnar í rúðunni. Segir þar, að ytri rúðan hafi brotnað af höggi, sem hún hafi fengið nokkuð fyrir ofan miðju, hafi myndast hringsprungu við höggið og sprungur í geisla út frá henni, en þó ekki komið gat. Þversprungu hafi myndast og á ská niður á við. Þá segja matsmennirnir, að innri rúðan sé einnig sprungin, en segja, að eigi verði séð, að sú sprungu hafi komið um leið og ytri rúðan sprakk. Telja þeir, að þrátt fyrir þessar sprungur, sem óneitanlega séu lýti á húsnæðinu, myndu þær tæplega verða um stundarsakir til fyrirstöðu leigu húsnæðisins með fullri leigu, þó kynni einhver að

setja það fyrir sig, en þá væri auðvelt að bæta úr því með ísetningu bráðabirgðarúðu.

Stefnandi mótmælti mati þessu og vildi ekki una við það og krafðist yfirmats, og var það framkvæmt af 3 dómkvöddum mönnum. Í yfirmatsgerðinni segir, að ekki sé ástæða til að slá af húsaleigunni vegna rúðuskemmdanna, miðað við 5—6 mánaða drátt á útvegum nýrrar rúðu, nema í ljós komi, að ryk eða vatn komist inn um brotið, sem þeir fá eigi séð, eins og nú standi, að til greina komi. Stefnandi hefur einnig mótmælt yfirmatinu. Með hliðsjón af niðurstöðum matsgerðanna telur rétturinn, að greindar skemmdir á rúðunni hafi ekki átt að vera því til fyrirstöðu, að hægt væri að leigja húsnæðið fullu verði fyrir verzlun, þó þannig, að setja hefði þurft bráðabirgðarúðu. Samkvæmt því verður krafa stefnanda um tapaða leigu ekki tekin til greina, en rétt þykir að dæma stefnda til að greiða kostnað við ísetningu bráðabirgðarúðu, og þykir það samkvæmt framlagðri álitsgerð fagmanns, sem eigi hefur verið véfengd, kr. 800.00. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 4217.42, kr. 200.00 og kr. 800.00, eða samtals kr. 5217.42 með 6% ársvöxtum frá 23. júlí 1956 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað. Dæma ber stefnanda lögveð í bifreiðinni A 640 fyrir öllum tildæmdum upphæðum.

Dómsorð:

Stefndi, Tómas Ólafsson, greiði stefnanda, Útvegsbanka Íslands, útibúinu á Akureyri, kr. 5.217.42 með 6% ársvöxtum frá 23. júlí 1956 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Stefnandi hefur lögveð í bifreiðinni A 640 fyrir öllum tildæmdum upphæðum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.